**Sýnataka frá endaþarmi**

1. Opnaðu sýnaglasið og settu það í stálglasið sem er á snyrtingunni.
2. Ath. Í sýnaglasinu er vökvi sem þarf að passa að fari ekki úr.
3. Taktu pinnann úr umbúðunum.
   Ekkert má snerta þann hluta pinnans sem fer inn í endaþarminn (fyrir neðan strikið), hvorki fyrir né eftir sýnatökuna.
   Það má ekki setja pinnann í glasið fyrr en eftir sýnatökuna.
4. Settu pinnann u.þ.b. 3 cm inn í endaþarminn, snúðu honum og nuddaðu varlega við vegg endaþarmsins í 5-10 sekúndur.
   Ef mikið af hægðum kemur á pinnann þarf að endurtaka sýnatökuna með nýjum pinna.
5. Settu pinnann í sýnaglasið og brjóttu endann af við brotlínuna.
6. Lokaðu glasinu vel (½ pinninn með sýninu á að vera í glasinu).
7. Settu glasið í box í bláa skápnum á snyrtingunni.

